

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi  
101 Reykjavík

Sent í gegnum umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 3.10. 2024

**Efni: Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við leit, rannsóknum og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsögunni (bann við olíuleit)**

Landvernd fagnar þessu frumvarpi til laga sem mikilvægu framfaraskrefi til þess að banna leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem er á hafsbotni í íslenskri efnahagslögsögu með skýrum hætti. Þessi lagasetning væri mikilvægt innlegg Íslands við að samþykkja að tími jarðefnaeldsneytis er að líða undir lok og getur þar með verið mikilvæg fyrirmynd annara ríkja í þessum efnum. Áherslur frumvarpsins um að Ísland nýti sína rödd á alþjóðavettvangi og taki virkan þátt í samstarfi sem miðar að alþjóðlegu banni við olíuleit og nýrri olíuvinnslu er einnig mjög mikilvægt innlegg í loftslagsbaráttu.

Landvernd er sammála um að friðlýsa ætti Drekasvæðið. Með því væri ekki einungis verið að friðlýsa svæðið gagnvart olíuleit og olíuvinnslu, friða fjölbreytta náttúru og mikilvæg vistkerfi heldur einnig verði stuðlað að [Kunming-Montréal stefnunni](#) um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland er aðili að.

Landvernd vonar svo sannarlega að Alþingismenn sjái hér tækifæri til að líta fram á við og samþykkja þetta frumvarp og stuðla þar með að því að framfylgja mikilvægum alþjóðlegum samningum um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni.

*Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*